

Reglugjörð

67
9. júlí

um breyting á reglugjörð fyrir Vesturskaptafellssýslu um eyðing refa með eitri,
24. júní 1897.

Amtsráðið í Suðuramtinu

GJÖRIR KUNNUGT: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörð-
ir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á
3. gr. í fyrnefndum lögum 22. marz 1890, er hjermeð
staðfest og löggilt eptirfylgjandi

REGLUGJÖRÐ

um breytingu á reglugjörð fyrir Vesturskaptafellssýslu um eyðing refa með eitri,
24. júní 1897, til þess að öðlast gildi 1. septbr. 1901.

5. gr. orðist þannig:

Annast skal umsjónarmaður um, að til sje í sýslunni nóg eitur, og skal
andvirði þess greitt úr sýslusjóði.

Ákvæðin í niðurlagi 6. gr. breytast samkvæmt þessu.

Amtsráð Suðuramtsins, Reykjavík 9. dag júlím. 1901.

J. Havsteen.

Reglugjörð

68
9. júlí

um breyting á 2. gr. reglugjörðar um fjársöfn m. m. fyrir Vestmannaeyjasýslu,
8. septbr. 1891.

Amtsráðið í Suðuramtinu

GJÖRIR KUNNUGT: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörð-
ir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á
3. gr. í fyrnefndum lögum 22. marz 1890, er hjermeð
staðfest og löggilt eptirfylgjandi

REGLUGJÖRÐ

um breytingu á 2. gr. reglugjörðar um fjársöfn m. m. fyrir Vestmannaeyja-
sýslu, 8. septbr. 1891, til þess að öðlast gildi 1. septbr. 1901.

Í stað orðanna: »Fjársöfn eru 7 á ári, 4 vorsöfn og 3 haustsöfn«, komi:
»Fjársöfn eru 8 á ári, 4 vorsöfn og 4 haustsöfn«.

Amtsráð Suðuramtsins, Reykjavík 9. dag júlím. 1901.

J. Havsteen.